

**Sp.**

**132. Tillaga til þingsályktunar**

**[82. mál]**

um breytingu á innheimtu opinberra gjalda.

Flm.: Björn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um breytingu á innheimtu skatta og annarra þinggjalda á þann veg, að innheimta þeirra fari fram jafnóðum og teknanna er aflað. Jafnframt sé rannsakað, hvort mögulegt sé að sameina innheimtu ríkis og bæja, svo að skattgreiðendur geti innt af hendi öll opinber gjöld til einnar innheimtustofnunar.

**Greinargerð.**

Hér á landi eru skattar og útsvör innheimt ári síðar en teknanna er aflað. Þessi innheimta hjá skattgreiðendum, sem vinna fyrir föstu kaupum, er að verða úrelt og er þar að auki til óhagræðis fyrir hið opinbera og skattgreiðendur. Í mörgum löndum hefur verið tekin upp sú innheimtuaðferð að láta skattgreiðendur inna af hendi greiðslu skattanna jafnóðum og unnið er fyrir tekjunum, sem skattlagðar eru. Eru ákveðnar reglur settar um það, hvernig skatturinn skuli dreginn frá kaupum. Þetta er til mikilla þæginda fyrir almenning, sem gætir þess sjaldan að leggja til hliðar fé til næsta árs skattgreiðslu. Fyrir þá, sem vinna fyrir mismunandi tekjum frá ári til árs, veldur núverandi skattheimta oft miklum erfiðleikum.

Í sambandi við þessa breytingu á greiðslu skatta og útsvara væri mjög æskilegt, að innheimta ríkis og bæja á opinberum gjöldum væri falin einni stofnun. Líklegt er, að með því væri hægt að spara mikinn innheimtukostnað hins opinbera, auk þess sem skattgreiðendum væri til mikilla þæginda að greiða gjöld sín til einnar stofnunar.